

Nd.

163. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipunum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndinni hafa borizt tvö frumvörp um lengingu hvíldartíma háseta á botnvörpuskipunum, efnislega að mestu samhljóða. Við afgreiðslu málsins lagði nefndin það frumvarp til grundvallar, sem fyrir var útbýtt í þinginu. Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu. Minni hlutinn (LJós) mælir með samþykkt frv. Undirritaður meiri hluti leggur til, að frumv. verð afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi hefur þegar sett lög um lágmarks hvíldartíma háseta á botnvörpuskipunum og aðilar hafa nýlega orðið ásáttir um að gera nánari ákvörðun hvíldartímans að samningsatriði, telur deildin ekki rétt að svo stöddu, að ríkisvaldið hafi frekari afskipt af þessu máli, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. nóv. 1950.

Pétur Ottesen,
form.

Sig. Ágústsson,
frsm.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr.

Halldór Ásgrímsson.